

Samþykkt kjaramálaráðstefnu Samiðnar 12. til 13. okt. 2007 um áherslur í komandi kjarasamningum

Eftir áralangt tímabil mikils hagvaxtar í íslensku efnahagslífi stendur íslensk verkalýðshreyfing frammi fyrir vaxandi ójöfnuði og miklum óstöðugleika í efnahagsmálum. Mikil verðbólga sem hefur verið viðvarandi um langt tímabil hefur komið verst niður á þeim sem minnst hafa, aukið ójöfnuð og fátækt og komið illa við fjölskyldur sem hafa skulðsett sig m.a vegna húsnæðiskaupa.

Mikilvægt er að áherslur verkalýðshreyfingarinnar, í komandi kjarasamningum, taki mið af þessum staðreyndum og tryggt verði að þeir sem ekki hafa notið góðærisins verði settir í forgang.

Áherslur Samiðnar í komandi kjarasamningum eru:

- Að tryggður verði stöðugleiki og vaxandi kaupmáttur
- Að jafnað verði bilið á milli þeirra sem setið hafa eftir á kauptöxtum og þeirra sem notið hafa launaskriðs m.a. með sérstakri hækkun kauptaxta.
- Að gerðar verði breytingar á húsnæðiskerfinu þar sem öllum verði tryggð úrræði án tillits til efnahags.
- Að nýtt verði svigrúm til skattalækkana til að lækka skatta á lægri laun

Samiðn lýsir eindregnum vilja sínum til að ljúka samningagerðinni áður en núverandi kjarasamningur rennur út. Einnig lýsir Samiðn yfir miklum vilja til að hafa samstarf við önnur launaþegasamtök um sameiginleg mál eins og skatta og húsnæðismál.